



VINDORKUVER Á HÓLAHEIÐI

Breyting á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030

Greinargerð - Tillaga

26.05.2021



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið

skv. 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Norðurþings

þann _____

F.h. Norðurþings

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010

þann _____

HÖFUNDUR	RÝNI	VERKNR.
AB	ÁJ	7511-004

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	6
1.1	Markmið	6
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	7
2.1	Skipulagslýsing	7
2.2	Staðhættir og aðkoma	8
2.3	Náttúrfar og verndarsvæði	9
2.4	Fornminjar	11
2.5	Vindafar	12
2.6	Óbyggð víðerni	12
2.7	Stefna í loftlagsmálum og byggðamálum	12
3	FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD	13
3.1	Sýnileiki	14
3.2	Hljóðvist	15
3.3	Röskun lands	15
3.4	Efnisþörf	15
3.5	Tenging við flutningskerfið	16
4	FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG FYRIRHUGUÐ BREYTING	16
4.1	Landsskipulagsstefna	16
4.2	Svæðisskipulag	17
4.3	Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030	17
4.4	Rammaáætlun	19
4.5	Kerfisáætlun	19
5	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	20
5.1	Breyting á uppdrætti	20
5.2	Breyting í greingargerð	20
6	UMHVERFISSKÝRSLA	21
6.1	Valkostir	22
7	HEIMILDARSKRÁ	23
8	UPPDRÁTTUR	24

MYNDASKRÁ

MYND 1. Yfirlitsmynd sem sýnir svæði sem breytt er í iðnaðarsvæði. _____	9
Mynd 3. Vistgerðir skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. _____	10
Mynd 4. Svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til á B hluta náttúruminjaskrár og skilgreint hefur verið sem mikilvægt fuglasvæði (IBA). _____	11
MYND 5 Vindrós á innan svæðis fyrirhugaðs vindorkuvers á Hólaheiði.. _____	12
MYND 2. Gildandi Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030. Svæðið sem breytingum tekur er innan rauða hringsins. _____	14
MYND 6. Aðalskipulag Norðurlands 2010 - 2030, svæði sem er til skoðunar fyrir iðnaðarsvæði er merkt með svörtum ramma. _____	18

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1. Umhverfispættir, helstu matsspurningar og viðmið. _____	21
TAFLA 2. _____	22

1 INNGANGUR

Hér er sett fram breyting á Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030¹, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010². Í breytingunni felst að á Hólaheiði sunnan Hófaskarðsleiðar (Þjóðvegi nr. 85) er landbúnaðarlandi breytt í iðnaðarsvæði til orkunýtingar vindorku þar sem landbúnaður verður einnig heimill. Svæðið verður 33,3 km² og verður raforkuframleiðsla allt að 200 MW með um 40 vindmyllum.

Fyrirhuguð framkvæmd fellur undir lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006³ n.t.t. í lið:

- 3.02: „Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmafl eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira.“

Framkvæmdin fellur undir flokk A og er háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og matslýsing var kynnt í XXX og óskað eftir umsögnum. Umsagnir og ábendingar sem bárust eru hafðar til hliðsjónar við aðalskipulagsbreytinguna.

1.1 Markmið

Markmið með breytingu á aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 er að auka framboð endurnýjanlegrar raforku á Íslandi með því að skilgreina nýtt iðnaðarsvæði til orkunýtingar þar sem gert verður ráð fyrir nýtingu á vindorku ásamt því að landbúnaður á svæðinu verður áfram heimilaður. Fyrirhuguð iðnaðarsvæði er á svæði sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og hefur að einhverju leyti verið nýtt til beitar fyrir búfé. Gert er ráð fyrir sú nýting geti verið að mestu óbreytt samhliða uppbyggingu og rekstri vindorkuvers á svæðinu.

Á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði er gert ráð fyrir um 40 vindmyllum ásamt tengivirki, rafmagnsköplum, vegum og öðrum mannvirkjum sem tilheyra vindorkuveri. Aðkoma að svæðinu verður af Þjóðvegi 85, Hófaskarðsleið. Gert er ráð fyrir að uppbygging geti farið fram í 2 áföngum.

¹ (Ráðgjafafyrirtækið Alta 2010)

² (Alþingi 2010)

³ (Alþingi 2006)

Fyrirhuguð framkvæmd hefur verið tilkynnt til 4. áfanga rammaáætlunar.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Þeir þættir sem oft eru ráðandi í staðarvali vindorkuvera eru; vindur, nálægð við flutningskerfi raforku, fjarlægð frá mannabústöðum, ferðamannastöðum og helstu ferðaleiðum.

Forsendur fyrir breytingunni er að landið er talið henta vel fyrir vindorkuver þar sem staðsetningin uppfyllir helstu kröfur sem gerðar eru til slíkra svæða.

Megin markmið með aðalskipulagsbreytingunni er að staðsetja nýtt iðnaðarsvæði á Hólaheiði og gera grein fyrir tengingum þess við nauðsynleg veitukerfi s.s. vegi og háspennulínur. Þannig er verið að setja ramma utan um framkvæmdina og tryggja að framkvæmdin hafi sem minnst umhverfisáhrif. Unnið verður deiliskipulag af svæðinu þar sem settir verða frekari skilmálar um framkvæmdina, þ.m.t. um högun á framkvæmdatíma, frágang svæðis, útlit mannvirkja og fleira sem snúa að því að lágmarka umhverfisáhrif.

Raforkan verður flutt inn á kerfi Landsnets en æskilegt er að nýta raforkuna í heimabyggð.

2.1 Skipulagslýsing

Skipulags- og matslýsing var tekin fyrir á fundi skipulags- og framkvæmdaráðs þann 10. nóvember og í sveitarstjórn 1. desember 2020. Skipulags- og matslýsingin var kynnt frá XXX til XXX. Þann 12. janúar 2021 voru umsagnir og athugasemdir sem bárust á kynningartíma lagðar fyrir skipulags- og framkvæmdaráð.

Umsagnir bárust frá: Veðurstofu Íslands, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Skipulagsstofnun, Náttúruverndarnefnd þingeyinga, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun, Landsneti, Isavia og lögfræðipjónustu Sigurðar Sigurjónssonar f.h, eigenda Brekku.

Skipulagsráðgjafa var falið að vinna úr innkomnum umsögnum og athugasemdum og lagt var fram minnisblað í skipulags- og framkvæmdaráði þann 11. maí 2021 þar sem farið var yfir athugasemdir og gerð tillaga að úrvinnslu þeirra. Á fundinum samþykkti ráðið að haldið yrði áfram með tillögu að breytingu á aðalskipulagi þar sem tekið yrði tillit til athugasemda og ábendinga í samræmi við tillögur í minnisblaði.

Minnisblaðið er í viðauka 1.

Við gerð þessara aðalskipulagsbreytingar var farið yfir alla þætti innsendra ábendinga og þær hafðar til hliðsjónar. Gert er grein fyrir öllum þeim þáttum sem eðlilegt er að taka fyrir á aðalskipulagsstigi en aðrir þættir fá nánari umfjöllun á deiliskipulagsstigi og/eða í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

2.2 Staðhættir og aðkoma

Skipulagssvæðið er sunnarlega á Melrakkaslétu, á Hólaheiði sunnan Hófaskarðsleiðar nr. 85 (**MYND 1**). Örnefnið Hnotasteinn er að finna á Hólaheiði og dregur verkefnið nafn sitt af því. Iðnaðarsvæðið er í um 100-180 m.y.s. og nær yfir landsvæði á jörðum Katastaða, Presthóla og Efri-Hóla. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi, engin tún eða ræktað land eru á svæðinu, en það er að einhverju leyti nýtt til sauðfjárbætur.

Það bóndabýli sem stendur næst framkvæmdasvæðinu er í 2,9 km fjarlægð og næsta þorp við framkvæmdasvæðið er Kópasker, í um 6,5 km fjarlægð.

Landið er talið henta vel fyrir nýtingu á vindorku þar sem staðsetningin uppfyllir allar helstu kröfur sem gerðar eru til slíkra svæða. Nægt landrými er til staðar, svæðið er tiltölulega flatlent og á svæðinu er lítill kjarr- eða trjágróður eða annað sem getur haft neikvæð áhrif á vindstyrk. Aðgengi að svæðinu er gott og er það nálægt flutningsneti raforku. Einnig þóttu fjarlægðir frá náttúru- og menningarminjum, íbúabyggð og ferðamannastöðum ekki síður mikilvægir þættir við val á staðsetningu. Talið er að Hnotasteinn uppfylli öll ofangreind skilyrði.




MYND 1. Yfirlitsmynd sem sýnir svæði sem breytt er í iðnaðarsvæði.

Svæðið er fremur flatlent með grónu mólendi, hraunlendi, ógrónum melum og nokkrum minni vötnum. Í um 850 m fjarlægð frá jaðri athugunarsvæðis er gangnamannaskáli sem er aðallega nýttur við smölun á haustin. Næsta íbúabyggð er í um 3 km fjarlægð frá jöðrum svæðisins og næsta þorp er Kópasker í um 6,5 km fjarlægð frá svæðinu.

2.3 Náttúrfar og verndarsvæði

Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru moslendi, hraunlendi og melar ríkjandi vistlendi á svæðinu.



MYND 2. Vistgerðir skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að Melrakkaslétta verði sett á B-hluta náttúruminjaskrár og tilnefni svæðið vegna ferskvatnsvistgerða, fjöruvistgerða og fugla. Sama svæði er skráð sem mikilvægt fuglasvæði (IBA). Fyrirhugað iðnaðarsvæði er staðsett sunnarlega á viðkomandi svæði (mynd 4). Innan iðnaðarsvæðisins eru svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúrvernd og ber þar helst að nefna forsögulegt hraun.



MYND 3. Svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til á B hluta náttúruminjaskrár og skilgreint hefur verið sem mikilvægt fuglasvæði (IBA).

2.4 Fornminjar

Aðalskráning fornminja hefur ekki farið fram í Norðurþingi, fornminjar hafa verið skráðar og kortlagðar fyrir afmörkuð svæði í tengslum við stakar framkvæmdir. Engar þekktar fornminjar eru innan athugunarsvæðis og gert er ráð fyrir að fornleifaskráning fari fram í tengslum við vinnu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og að betur verði gert grein fyrir kortlagningu fornleifa í deiliskipulagi.


2.5 Vindafar

Vindrós, skv. Vindatlas Veðurstofu Íslands byggir á upp reiknuðum upplýsingum þar sem hver geiri vindrósarinnar sýnir tíðni vindátta á ársgrundvelli. Suðvestanátt er ríkjandi vindátt á svæðinu og er töluleg stærð þess vindáttargeira birt í miðju vindrósarinnar á mynd 4⁴. Austlægar áttir eru einnig algengar en dreifing á tíðni vindátta er talsverð. Samkvæmt veðurlíkanreikningum er meðalvindhraði í 100 m hæð um 8,9 m/s⁵. Upplýsingar um vindafar á svæðinu byggir á líkanreikningum en vindmælingar eru hafnar á svæðinu til að kortleggja vindafar betur.

Í október 2020 var settur upp LIDAR mælir á framkvæmdasvæðinu, þ.e. sérstök gerð veðurratsjár þar sem leysigeisli er notaður til að mæla vind. Líklegt er að LIDAR mælir verði á svæðinu í að minnsta kosti 2 ár. Við val á vindmyllum er tekið tillit til aftakaveðurs og ísingar.

2.6 Óbyggð víðerni

2.7 Stefna í loftlagsmálum og byggðamálum



MYND 4 Vindrós á innan svæðis fyrirhugaðs vindorkuvers á Hólaheiði..


⁴ (Veðurstofa Íslands 2020)

⁵ (Quadran 2019)

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í gildandi aðalskipulagi er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði en verður breytt í iðnaðarsvæði. Þrátt fyrir þá skilgreiningu og fyrirhugaða uppbyggingu verður áfram hægt að nota megnið af svæðinu eins og það hefur verið notað hingað til, til sauðfjárbeitar.

Á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði er gert ráð fyrir að staðsetja vindmyllur en áfram er gert ráð fyrir að viðkomandi svæði verði einnig nýtt áfram til sauðfjárbeitar. Svæðið er rúmt skilgreint til að hægt verði að velja vindmyllum stað utan viðkvæmra svæða sem æskilegt er að hlífa.



MYND 5. Gildandi Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030. Svæðið sem breytingum tekur er innan rauða hringins.

Áætlað er að uppsett afl verði allt að 200 MW. Hæð vindmylla verður um 120 m í miðju hverfils og spaðar munu ná í um 200 m hæð. Fjöldi vindmylla verður um 40. Þá þarf hugsanlega að gera ráð fyrir ljósabúnaði efst á myllum, til aðvörunar fyrir flugumferð. Hafa skal í huga að slíkt ljós valdi sem minnstri truflun á jörðu niðri. Lagðir verða vegir að svæðinu og milli vindmylla til viðhalds og eftirlits Einnig þarf að byggja tengivirki og tengja línur/strengi frá vindmyllunum að tengivirki. Á uppdrætti eru vegir sýndir til skýringa en nánari útfærsla vega innan svæðis verður unnin í deiliskipulagi.

3.1 Sýnileiki

Gert er ráð fyrir að möstur, vegir og aðrar sýnilegar framkvæmdir verði nánar útfært í deiliskipulagi. Vindmyllur eru há mannvirki sem sjást yfirleitt langt að og svæði mögulegs sýnileika nær því lengra en hefðbundið áhrifasvæði flestra framkvæmda. Svæði mögulegs sýnileika var kortlagt og má sjá **á mynd í viðauka.**

Kortið sýnir svæði mögulegs sýnileika vindmylla með spaða í hæstu stöðu, í 200 metra hæð, í allt að 20 km fjarlægð. Greining á svæði mögulegs sýnileika er unnin á þrívíðu landlíkani sem eingöngu lýsir legu lands m.t.t. hæðarlegu. Hún tekur ekki tillit til sjónrænna hindrana svo sem mannvirkja og gróðurs sem einnig hafa áhrif á sýnileika. Á kortinu er ekki gerður greinarmunur á því hvort það sjáist 1 vindmylla eða fleiri innan svæðis sýnileika og heldur ekki hvort að vindmylla sjáist öll eða hvort aðeins lítill hluti af einni eða fleiri vindmyllum sé sýnilegur á viðkomandi svæði. Sýnileiki minnkar eftir því sem fjarlægð eykst og þegar ákveðinni fjarlægð er náð er sýnileiki hverfandi og fer að m.a. eftir veðurfarsaðstæðum hverju sinni.

Kortið gefur því einungis hugmynd um svæði þar sem vindmyllur, eða hluti af einni eða fleiri vindmyllum geta mögulega verið sýnilegir upp að einhverju marki en segir ekki til um áhrif af sýnileika. Áhrif af sýnileika er metinn nánar í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda í samræmi við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Vindmyllurnar geta leitt til hindrana fyrir flug og skal vera hindrunarljós á vindmyllum í samráði við Samgöngustofu.

Í deiliskipulagi verður gerð nánari grein fyrir framkvæmdum og staðsetningu vindmylla.

3.2 Hljóðvist

3.3 Röskun lands

Gert er ráð fyrir að afmarka iðnaðarsvæði fremur rúmt í aðalskipulagi til að auka svigrúm við hönnun vindorkuvers með hliðsjón af niðurstöðum þeirra rannsókna sem gerðar verða á svæðinu. Þar sem reynt verður að lágmarka umhverfisáhrif garðsins og leitast við að staðsetja vindmyllur utan viðkvæmra svæða og svæða sem æskilegt er að hlífa við raski eða vegna fugla. Forðast verður að raska náttúrufrýrbærum sem njóta sérstakrar verndar eins og kostur er.

Aðeins hluti iðnaðarsvæðisins verður fyrir einhvers konar raski eða beinum áhrifum af framkvæmdum. Áætlað er að samanlagt heildarsvæði varanlegrar landnotkunar sé um 0,54 km² (54 ha) og heildarsvæði tímabundinnar landnotkunar sé um 0,13 km² (13 ha) meðan á framkvæmdum stendur.

3.4 Efnisþörf

Gert er ráð fyrir að efnistaka vegna framkvæmda verði sem mest innan svæðisins og verður efni sem fellur til þegar grafið er fyrir undirstöðum notað. Verði þörf á efni umfram það er líklegt að það efni verði sótt í nálægri námu utan framkvæmdasvæðis, til dæmis í Hamar við Klapparós.

3.5 Tenging við flutningskerfið

Raforkan sem vindmyllurnar framleiða verður flutt með jarðstrengjum og safnað í safnstöð á framkvæmdasvæðinu. Þar verður spennunni breytt og raforkan flutt inn á flutningskerfi Landsnets í gegnum háspennulínur.

Staðsetning safnstöðvarinnar verður ákveðin með það í huga að tenging við flutningskerfið verði eins og best verður á kosið. Næsta tengivirki við framkvæmdasvæðið er tengivirki Landsnets á Snartastöðum við Kópasker, um 6,3 km frá framkvæmdarsvæðinu. Frá tengivirkinu liggur Kópaskerslína 1 á 66 kV spennu suður með strönd Öxarfjarðar. Samráð verður haft við Landsnet varðandi greiningu á mögulegum tengingum við flutningskerfið, útfærslu þess og rafspennu á fyrirhuguðum jarðstrengjum. Við útfærslu verður tekið tillit til framtíðarhugmynda Landsnets um uppbyggingu flutningskerfis á svæðinu og jafnframt kannað hvort að mögulega jarðstrengslagnir geti haft áhrif á afkastagetu raforku.

4 FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG FYRIRHUGUÐ BREYTING

4.1 Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

Í gildandi landsskipulagsstefnu kemur fram eftirfarandi markmið um skipulag í dreifbýli

Kafli 2.2 Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.

Kafli 2.3 Skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið.

Kafli 2.5 Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggi örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

Kafli 2.5.1 Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag.

Aðgerðir og leiðir að ofangreindum markmiðum eru m.a. eftirfarandi:

- *Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhættum. Um leið verði gætt að*

hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar. [...] Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.

- Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti.
- *Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag.*
- *Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvæðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.*

Skipulagsstofnun vinnur nú að viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu þar sem m.a. verða mótuð viðmið fyrir staðsetningu vindorkuvera með tilliti til landslags. Lagt hefur verið fram frumvarp til alþingis um breytingar á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun) en tilefni breytingaáformanna er að móta opinbera stefnu til framtíðar um hagnýtingu vindorku og leyfisveitingaferla vegna hennar. Sökum áforma um breytingu laganna hefur vinna Skipulagsstofnunar á viðauka við landsskipulagsstefnu verið á bið.


4.2 Svæðisskipulag

Fyrirhugað iðnaðarsvæði telst innan marka Svæðisskipulags Háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007 – 2025, sem var staðfest 2008. Svæðisskipulagið nær til alls landssvæðis sveitarfélaganna Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Norðurþings sem ekki fellur innan mörk miðhálandis og heyrar því undir svæðisskipulag miðhálandisins.

Í svæðisskipulaginu er sett fram skipulagsákvæði um verndun og nýtingu háhitasvæða og flutningslínur rafmagns á öllu svæðinu. Sérstök áhersla er lögð á afmarkað svæði sem nær yfir Þeistareyki, Gjástykki, Kröflu og Bjarnarflag. Fyrirhugað orkuvinnslusvæði er nokkuð frá öllum helstu háhitasvæðum og því lítið fjallað um Hólaheiði í Svæðisskipulaginu en fram koma almenn ákvæði um orkuvinnslusvæði (bls. 99) þar sem m.a. er fjallað um iðnaðarsvæði sem sérhæfð eru fyrir orkuvinnslu, virkjanir og veitumannvirki þeim tengd.

4.3 Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030

Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030 var staðfest þann 22.12.2010. Fyrirhugað breyting er á svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Suð-vestan við fyrirhugað framkvæmdarsvæði er fjarsvæði vatnsverndar og í gegnum svæðið er fyrirhugað göngu- og reiðleið.



MYND 2. Aðalskipulag Norðurþings 2010 - 2030, svæði sem er til skoðunar fyrir iðnaðarsvæði er merkt með svörtum ramma.

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir starfsemi og mannvirkjum sem tengjast búrekstri. Samkvæmt kafla 23.12 í gildandi aðalskipulagi er á landbúnaðarsvæðum leyfilegt að setja upp heima rafstöðvar og smávirkanir sem hafa afl minna en 200 kW. Stærri rafstöðvar kalla á afmörkun iðnaðarsvæðis í aðalskipulagi.

Á iðnaðarsvæðum skal gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólþælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstövar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni⁶.

Áskoranir og tækifæri felast m.a. í notkun lands s.s. fyrir ræktun, byggð og auðlindanýtingu sem þarf að stilla saman við verndun náttúru og landslags. Í kafla 21.1.2 í aðalskipulagi kemur fram að reisa skal mannvirki í Norðurþingi þannig að forðast sé að raska ósnortnum víðernum sveitarfélagsins eða gæta þess að mannvirkin valdi sem minnstu raski og sjónmengun.

Miða skal að því að vernda þau svæði sem eru sérstaklega verðmæt landbúnaðarsvæði s.s. þau sem eru vel fallin til búvöruframleiðslu, sbr. ákvæði jarðalaga. Til þeirra teljast svæði sem talin eru auðræktanleg, þ.á.m. eru tún eða svæði þar sem ræktað er korn.

Í gildandi aðalskipulagi er ekki sett fram stefna sveitarfélagsins er varðar nýtingu vindorku en stóriðja rennir styrkari stoðum undir atvinnulíf og búsetu á þeim hluta sveitarfélagsins þar sem fólksfækkun hefur verðið undanfarin ár.

⁶ (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013)

Breytingin á aðalskipulaginu er í samræmi við stefnu aðalskipulags þar sem ekki er verið að skerða möguleika til landbúnaðar. Stærstur hluti iðnaðarsvæðisins verður áfram óraskaður en vegakerfi milli vindmyllanna munu auðvelda yfirferð um svæðið m.a. vegna smölunar, eftirlits og rannsókna.

Við skipulags og mannvirkjagerð þarf að taka tillit til þeirrar jarðskjálftahættu sem er á svæðinu en Tjörnesbrotabeltið liggur um sveitarfélagið.

Gerð verður breyting á aðalskipulagsupprætti og greinargerð.

4.4 Rammaáætlun

Virkjunarkosturinn Hnotasteinn hefur verið tilkynntur inn í Rammaáætlun 4.

4.5 Kerfisáætlun

Kerfisáætlun Landsnets er gefin út árlega á grunni raforkulaga nr. 65/2003 um nauðsynlega uppbyggingu raforkuflutningskerfisins til að það geti annað raforkuflutningi miðað við orkuspa, auk þeirrar uppbyggingar virkjana sem ráðgerð er á næstu 10 árum.

5 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu tekur til breytinga í greinargerð og á skipulagsupprætti. Breytingin fellst í því að breyta landnotkun úr landbúnaðarlandi í iðnaðarsvæði.

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir m.a. um iðnaðarsvæði: „Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.“

5.1 Breyting á upprætti

Á sveitarfélagsupprætti er afmarkað iðnaðarsvæði sem fær númerið I4. Svæðið er 33,3 km² og innan þess verða vindmyllur, vegir, safnstöðvar og tengivirki.

Um svæðið verða lagðir vegir og jarðstrengir meðfram þeim, vegir innan svæðis eru einungis birtir til skýringar á upprætti en nánari útfærsla vega verður sett fram í deiliskipulagi.

5.2 Breyting í greinargerð

Í kafla 23.9 Iðnaðarsvæði í greinargerð bætist við eftirfarandi lína:

NR. SVÆÐIS	STÆRÐ (HA)	FORSENDUR	SKIPULAGSÁKVÆÐI
I4	3.330	Hnotasteinn , Hólaheiði, Núpasveit Uppbygging vindorkugarðs til raforkuframleiðslu sem flutt verður inn á flutningskerfi Landsnets.	Svæði fyrir vindorkugarð, vinnsla allt að 200 MW með um 40 vindmyllum. Hámarks hæð í miðju hverfils um 120 m og hámarkshæð spaða í hæðstu stöðu um 200 m. Við hönnun og útfærslu skal leitast við staðsetja vindmyllur, lagnir og vegi þannig að varpsvæði, vistkerfi með hátt verndargildi og beitiland skerðist sem minnst. Í deiliskipulagi skal setja fram skilmála þess efnis.

6 UMHVERFISSKÝRSLA

Umhverfisskýrsla þessi er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Gerð er grein fyrir þeim umhverfispáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af breyttri stefnu aðalskipulagsins. Við matið er notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram koma í töflu nr. 2. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa. Í skipulagslýsingunni voru eftirfarandi umhverfispættir og matsspurningar settar fram og eru þær notaðar við að meta umhverfisáhrif breytingarinnar:

TAFLA 1. Umhverfispættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISPÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr.
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á gróður / votlendi? Hefur stefnan áhrif á fuglalíf og farleiðir fugla? Hefur stefnan áhrif á búsvæði fugla og fiska?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 56. og 61. gr. Stefna í aðalskipulagi Vistgerðarkortlagning NÍ Lög um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994. 2. og 6. gr.
Ásýnd og landslag	Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðisins? Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 1. og 2. mgr. 69. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026
Landnotkun	Rýrir stefnan nýtingarmöguleika og gildi aðliggjandi jarða?	Skipulagslög nr. 123/2010, 1. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026 Stefna í aðalskipulagi um landbúnaðarland
Samfélag	Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf? Stuðlar stefnan að styrkingu byggðar? Hefur stefnan áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins?	Stefna í aðalskipulagi Landsskipulagsstefna 2015-2026
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. 1. gr. 16. og 23. gr.
Heilsa og öryggi	Hefur stefnan áhrif á flugöryggi? Hefur stefnan áhrif á hljóðvist og/eða loftgæði? Er hætta á mengun af völdum stefnunnar?	Stefna í aðalskipulagi Landsskipulagsstefna 2015-2026 Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða

6.1 Valkostir

Ekki komu fleiri kostir til greina en valinn kostur og núll kostur sem fellst í óbreyttu ástand skv. gildandi aðalskipulagi. Hér eru bornir saman þessir tveir kostir.

1. Núll kostur
 - Ekkert verður aðhafst og svæðið heldur áfram að vera skilgreint sem landbúnaðarsvæði.
2. Vindorkuver við Hotastein
 - Staðsetja nýtt iðnaðarsvæði fyrir vindorkuver fyrir um 40 vindmyllur.

TAFLA 2.

VALKOSTIR	NÚLL – GILDANDI SKIPULAG	BREYTT SKIPULAG
	ENGIN UPPBYGGING VINDORKUVERS	VINDORKUVER VIÐ HNOTASTEIN IÐNAÐARSVÆÐI SKILGREINT
JARÐMYNDANIR	Óveruleg áhrif – engin uppbygging og ekkert rask.	
GRÓÐUR OG DÝRALÍF	Óveruleg áhrif – engin uppbygging og ekkert rask..	
ÁSÝND OG LANDSLAG	Óveruleg áhrif – engin uppbygging og ekkert rask..	
LANDNOTKUN	Óveruleg áhrif – landið verður áfram nýtt til landbúnaðar.	
SAMFÉLAG	Óveruleg áhrif – landbúnaður verður áfram stundaður.	
MENNINGARMINJAR	Óveruleg áhrif – engin uppbygging og ekkert rask..	
HEILSA OG ÖRYGGI	Óveruleg áhrif – landið verður áfram nýtt til landbúnaðar.	

Jákvæð áhrif



Neikvæð áhrif



Óveruleg áhrif



Óviss áhrif



7 HEIMILDARSKRÁ

Alþingi. 2010. *Skipulagslög*. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2010123.html>.

Quadran. 2019. *Hnotasteinn. Windfarm R4303A*. Quadran Iceland Development.

Ráðgjafafyrirtækið Alta. 2010. *Aðalskipulag Norðurlands 2010-2020*.



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2013. *Skipulagsreglugerð 90/2013*.

Veðurstofa Íslands. 2020. „Vindatlas“. Vindatlas. 2020. <http://vindatlas.vedur.is/>.

8 UPPDRÁTTUR

Norðurþing

Aðalskipulag 2010-2030



Skýringar



Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030
Aðalskipulagsbreyting

Verk: 7511-004 Blaðstærð: A3 Unnið: GAL/AB
Rýnt:

Mælikvarði: Dags: Breytt dags:
1:100.000 28.05.2021

Samþykkt: